



íþrótt, menning, lífsstíll

Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fækka fulltrúafjölda aðildarfélaganna.

Í lögum LH um Landsþing, kafla 1.2.2. segir í annarri málsgrein; “Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.”

Greinin breytist í: “Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagstölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 125 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 126-250 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 251-375 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.”

Greinargerð:

Félagsmenn í LH árið 2006 eru 10.424 og hefur farið fjölgandi ár frá ári. Félagfjöldi í LH árið 2004 var 9.250 og fulltrúafjöldinn 146, árið 2002 voru félagsmenn 8.204 og fulltrúafjöldinn 129.

Með þessu áframhaldi fjölgar fulltrúum á landsþingum LH jafnt og þétt og erfiðara verður að finna þingstaði sem taka við öllum þessum fjölda, bæði í gistingu og með fundarhald. Það færir einnig í vöxt að þingfulltrúar taki með sér maka og verður þá að vera næg gistirými. Ánægjulegt er að félagsmönnum fjölgi í LH en þinginu eru að sama skapi settar þær skorður að geta einungis verið í stórum þéttbýlisstöðum á landinu. Við þessa breytingu hefðu þingfulltrúar 2006 t.d. verið 112 í ár, sjá meðfylgjandi töflu.

Félag	Fj.félaga	Fj.fulltrúa	Breyttur fj.fulltrúa
Andvari	537	8	5
Blær	80	2	1
Dreyri	164	3	2
Faxi	250	4	2
Fákur	1662	23	14
Feykir	62	1	1
Freyfaxi	128	2	2
Funi	144	2	2
Geisli	25	1	1
Geysir	513	7	5
Glaður	152	3	2
Glófaxi			
Glæsir	91	2	1
Gnýfari	84	2	1
Goði	15	1	1
Grani	48	1	1
Gustur	581	8	5
Háfeti	71	1	1
Hending	63	1	1
Hornfirðingur	136	2	2
Hringur	127	2	2
Hörður	669	9	6
Kinnskær	27	1	1
Kópur	105	2	1
Léttfeti	209	3	2
Léttir	209	3	2
Léttir	626	9	6
Ljúfur	131	2	2
Logi	169	3	2
Máni	410	6	4
Neisti	128	2	2
Sindri	135	2	2
Skuggi	181	3	2
Sleipnir	387	6	4
Smári	319	5	3
Snarfari	21	1	1
Snæfaxi	58	1	1
Snæfellingur	200	3	2
Sóti	131	2	2
Stígandi	179	3	2
Stormur	60	1	1
Svaði	140	2	2
Sörli	732	10	6
Trausti	132	2	2

Þjálfari	89	2	1
Þráinn	89	2	1
Þytur	193	3	2
Samtals	10424	160	112

Fellt –

Þingskjal nr. 2A

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að breyta skilafresti á tillögum til landsþings úr 12 vikum í 8 vikur og að dagskrá þings og tillögur berist þingfulltrúum tveimur vikum fyrir þing í stað fjögurra vikna og ekki skilyrt að það sé bréflaga.

Í lögum LH um Landsþing, kafla 1.2.2. segir í fimmtu málsgrein; “Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum bréflaga dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 4 vikum fyrir þingið.” Greinin breytist í: “Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn LH tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 2 vikum fyrir þingið.”

Greinargerð:

Í lögum LH stendur að þingið skal háð annað hvert ár í október/nóvembermánuði. Hefð hefur komist á að halda þingið síðustu helgina í október og það þýðir að tillögur sambandsaðila verða að berast LH í síðasta lagi í byrjun ágúst. Það er oft erfiður tími fyrir hestamannafélögin til að safna sínu fólki saman og ræða um málefni hestamanna. Því telur stjórn LH að betra sé að hafa skilafrestinn 8 vikur sem er þá í byrjun september. Til þess að hafa tíma til að ganga frá endanlegri dagskrá og tillögum til þingsins, er frestur til að kynna sambandsaðilunum þær styttr í tvær vikur. Einnig fellur út orðið “bréflaga” þar sem pappírsmarkun og sendingar-kostnaður er mikill og auðvelt að kynna tillögurnar á heimasíðu LH, eins og gert er í ár.

- Samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu um dýralæknaskoðun á Íslandsmótum, fjórðungsmótum og Landsmótum hestamanna og ítrekaðar heilbrigðisreglur:

1)

2.4. Heilbrigðisreglur

Í fyrstu málsgrein bætist við eftirfarandi svartlettrað í fyrstu setningu:

Á alþjóðlegum mótum, Íslandsmótum, fjórðungsmótum og landsmótum skal útnefna mótsdýralækni.

Í aðra málsgrein bætist við eftirfarandi svartlettrað í fyrstu setningu:

Hestar sem taka þátt í móti fyrir íslenska hesta skulu vera heilir og ósárir og lausir við smitsjúkdóma og skulu hestar ekki koma frá stöðum þar sem fyrir eru smituð hross.

2)

Kaflí 5 Reglugerð LH fyrir Íslandsmót

Ný grein 5.9. (núverandi grein 5.9. helst óbreytt en fær númerið 5.10) Á Íslandsmótum skal fara fram heilbrigðisskoðun hesta af mótsdýralækni áður en viðkomandi hefur keppt.

3)

Kaflí 6 Reglur um undirbúning og framkvæmd Landsmóta

Ný grein 6.6 (greinar 6.6., 6.7. og 6.8. haldast óbreyttar en fá númerin 6.7., 6.8. og 6.9.) Á Landsmótum og fjórðungsmótum skal fara fram heilbrigðisskoðun allra hesta af mótsdýralækni áður en viðkomandi hefur keppt eða sýningu.

4)

Til að hnykkja á heilbrigðisreglum bætist við eftirfarandi svartlettrað í greinar 7.3.1. og 8.2.1.:

7.3.1. eftir fyrstu málsgrein kemur nú málsgrein: Hestur skal vera heill og ósár samanber 2.2. Siðareglur, greinar 2 og 3.

8.2.1. eftir fyrstu málsgrein kemur ný málsgrein: Hestur skal vera heill og ósár samanber 2.2. Siðareglur, greinar 2 og 3.

Greinargerð:

Á undanförnum misserum hefur umræðan um munnsár og fótasár hesta farið vaxandi og reikna má með að hún verði enn meira í sviðsljósinu á komandi árum. Það er því nauðsynlegt fyrir samtökin að bregðast við með viðeigandi hætti, áður en yfirvöld setja á okkar frekari lög en nú þegar eru í gildi.

- Vísað til millipinganeftndar -

Þingskjal nr. 4

Flytjandi: Millipinganeftnd um keppnisrétt á Landsmótum

Lagt fyrir: Allsherjarneftnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu um breytingu (viðbætur) á grein 6.5. um val hrossa og keppenda á Landsmót en á 54 landsþingi var stjórn LH falið að skipa 5 manna nefnd um val hrossa í gæðingakeppni á Landsmóti.

Grein 6.5 hljóðar nú svo;

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Ekki er barni, unglingi eða ungmenni heimilt að mæta með fleiri en eitt hross til úrtöku á landsmóti í sínum aldursflokki. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

Tillaga um breytingu á grein 6.5

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Ekki er barni, unglingi eða ungmenni heimilt að mæta með fleiri en eitt hross til úrtöku á landsmóti í sínum aldursflokki. (óbreytt) Val hrossa á landsmót í barna-unglinga og ungmennaflokk verður óbreytt. Viðmiðið verður sama og núverandi fyrirkomulag segir til um. Þ.e 1 þátttakanda fyrir hverja byrjaða 125 félagi í hestamannfélagi.

Öll félög hafa rétt til þess að senda 1 hest á landsmót í hvern flokk (A og B) enda haldi félagið úrtökumót (félagsmót) eitt sér eða í samvinnu við önnur félög (eins og nú er). Sá hestur sem stendur efastur skv. einkunn úr forkeppni á úrtökumóti viðkomandi félags skal ávallt ráða vali á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Engin takmörk eru á fjölda umferða (fjölda móta) og gildir þá besti árangur.

Að minnsta kosti helmingi fleiri hestar skulu fá keppnisrétt en fjöldi þeirra hestamannafélaga sem senda fulltrúa til þátttöku segir til um. Þátttökuréttur þeirra hesta ræðst af árangri á mótum þar sem eingöngu landsdómarar fara með dómstörf. Úrtökumót félaga geta vera opin fyrir alla þannig að viðkomandi getur náð inn árangri á móti sem annað félag stendur að. Rekstraraðili Landsmótsins hefur endanlegt vald til að ákvarða hámarksfjölda keppenda og ákveður skráningarfrest fyrir landsmót.

Greinargerð:

Á s.l. landsmótum hefur skapast sú venja að val gæðinga hefur verið bundið við félagafjölda hvers hestamannafélags með þeim hætti að á bak við hverja 125 félagsmenn fær viðkomandi félag rétt til þess að senda einn keppanda í hvern flokk og annan keppanda fyrir næstu 126 - 250 o.s.frv. Hér er þó aðeins um venju að ræða og hefur þessi fjöldaviðmiðun ekki verið bundin í reglum LH fram að þessu. Tillagan er hér liggur fyrir nær aðeins til breytinga á A og B flokki gæðinga, val keppenda í barna, unglinga og ungmennaflokki verður með sama sniði og áður. Framkvæmd tillögunar er með líku sniði og gildir nú um töltkeppni fyrir landsmót að því undanskildu að krafa er um að landsdómarar dæmi öll mót er gild eru til úrtöku. Með þessu er verið að efla og styrkja störf landsdómara í leiðinni og gera dómstörf faglegri. Einnig má vænta þess að opin úrtökumót verði sterkari og skemmtilegri á að horfa.

Gallar núverandi fyrirkomulags eru einkum eftirfarandi;

1.Með auknum fjölda félaga í hverju hestamannafélagi ávinna sífellt fleiri sér inn þátttökurétt sem veldur því að fjöldinn verður óviðráðanlegur m.v. eðlilega dagskráruppsetningu. Slíkt getur ekki gengið til frambúðar. T.d. fjölgar skráðum þátttakendum í A flokk nokkuð á milli móta. Á LM 2002 voru 87 skráðir, á LM 2004 voru 92 skráðir og á LM 2006 voru 97 skráðir. Á aðeins 4 árum hefur þátttakendum fjölgað um 10 á sama tíma og almenn krafa virðist vera sú að fækka hrossum í einstaka flokkum á landsmótinu til að gera dagskránna áhorfendavænni. Þó skal það tekið fram að það er mjög jákvætt að einstaklingum í hestamannafélögum fjölgi og hreyfingin verður sífellt öflugri.

2.Fjöldi þátttakanda í hverjum flokk er ekki vitaður fyrr en skráningarfrestur er liðinn, yfirleitt um 2 vikur fyrir landsmót. Ónákvæmni við dagskrárgerð landsmóts og undirbúning er því of lengi í óvissu sem er óviðunnandi.

3.Ekki fer alltaf saman fjöldi félaga í hestamannafélagi og gæði þeirra hesta sem koma til úrtöku eða félagsmóta hjá viðkomandi félagi og ávinna sér þátttöku. Þetta fyrirkomulag getur valdið því að hestar séu skráðir á aðra eigendur í öðrum félögum.

4.Þessi venja miðar ekki að því að hámarka gæði heildarhópsins sem tekur þátt í hverjum flokk.

Tillögunni er einkum ætlað að sníða af þá galla sem nefndir eru hér að ofan.

Nefndarmenn: Sigfús Helgason formaður, Lárus Dagur Pálsson, Jón Gunnarsson Kristbjörg Eyvindsdóttir og Sigurður Ævarsson.

- Fellt -

Flytjandi: Andvari

Lagt fyrir: Fræðslu- og útgáfunefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fela stjórn LH að leita fjármagns til gerðar mynddisks, DVD, um æskulýðsstarf sem unnið er í aðildarfélögum LH og kynna það sérstaklega meðal grunnskólabarna og sveitarstjórnarmanna um land allt.

Efni mynddisksins gæti verið til dæmis:

Æskan og hesturinn – Hesturinn og æskan, einnig undirbúningur félaganna sem að þessum atburðum standa, með vönduðum myndskotum frá þeim atburðum, einnig frá reiðnámskeiðum barna og unglinga, degi í lífi unglings sem stundar hestamennsku, frá Lands- og Íslandsmótum, ferðalögum á hestum, frá starfi í æskulýðsnefndum hestamannafélaganna, kennslu í knapamerkjakerfinu, viðtöl o.fl. o.fl.

Æskilegt væri að t.d. forvarnarfulltrúi kæmi að efnisvali á mynddiskinn ásamt æskulýðsfulltrúum og hestafólki.

Mynddiskurinn verði kynntur sveitarstjórnarfólki og skólayfirvöldum um land allt, ákveðnum árgangi / árgöngum í grunnskólum landsins afhent frítt eintak.

Greinargerð:

Landssamband Hestamannafélaga kynnti með þessu rækilega starf æskulýðsnefnda hestamannafélaganna og gerði sig leiðandi meðal íþróttafélaga í forvörnum grunnskólabarna.

Ávinningur:

Betri skilningur sveitarfélaga á starfi hestamannafélaga, betri viðgjörningur við hestamannafélögin og starf þeirra.

Kostnaður:

Óráðin; en gæti numið á bilinu 5 – 10 milljónir króna

Styrkveitingar til verkefnisins:

Menntamálaráðuneyti, sveitarfélög, Pokasjóður, fyrirtæki, stofnanir og aðrir þeir aðilar sem vilja láta sig málið varða.

- Samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 6A

Flytjandi: Andvari

Lagt fyrir: Fræðslu- og útgáfunefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fela stjórn LH að ná fram breytingum á endurskoðuðu knapamerkjakerfinu til að það falli betur að starfi hestamannafélaganna. Við leggjum til að verklegur kennslustundafjöldi á hverju stigi fari ekki yfir 20 en það er nauðsynlegt til að kennslan rúmist innan þess tíma sem hestamenn hafa hross á húsi. Hestamannafélögin eru stærsti notandi knapamerkjakerfisins og því nauðsynlegt að þróun kerfisins taki mið af þörfum þeirra.

Greinargerð:

Nýjustu breytingar á knapamerkjakerfinu gera hestamannafélögunum erfitt fyrir að nota það sökum mikillar aukningar kennslustunda innan hvers stigs. Í eftirfarandi dæmum er miðað við rautt knapamerki sem er 3ja stigið.

1. Tímafjöldi á 3ja stigi er 35 verklegir og 14 bóklegir kennslutímar en var 20 verklegir og 8 bóklegir tímar. Þetta þýðir að kostnaður vegna eins nemanda verður rúmar 60.000 kr. fyrir rautt merki eða um helmingi dýrara en áður. Þetta er of mikill kostnaður að okkar mati og mun takmarka notkun kerfisins.

2. Nauðsynlegt er að fjölga kennslustundum í tvær í viku til að ná að kenna rauða merkið innan venjulegs hústímabils hrossa. Það myndi hafa í för með sér mikla takmörkun á aðgangi hins almenna hestamanns að reiðhöllum og gerðum félaganna sem ekki er ásættanlegt.

3. Við teljum að miða þurfi hvert merki við að einn reiðtími í viku á tímabilinu frá janúar til maí nægi til að ljúka hverju stigi. Bóklega tíma má kenna samhliða fyrir hópana saman í hverju merki og því auðveldara að koma þeim fyrir. Próftími þyrfti svo að fara fram í maí til að forðast annatíma sleppitúra og sumarfrís hestamanna.

Ávinningur:

Ef festa á knapamerkjakerfið í sessi er nauðsynlegt að hestamannafélögin sjái sér fært að nota þau sem aðalkennsluform fyrir bæði börn og fullorðna. Það er allra ávinningur að nota kerfi sem segir til um stöðu knapans og kunnáttu og er það von okkar að knapamerkjakerfi Hólaskóla verði lagað að okkar þörfum svo áframhaldandi notkun þess sé möguleg.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 7A

Flytjandi: Andvari

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fela stjórn LH að kanna hvort grundvöllur sé fyrir gerð leiðbeininga, þar sem lögð verði áhersla á að draga saman og skerpa þau lög og reglugerðir sem varða skráningar hest og knapa á mót.

Efni reglna þessara gæti verið til dæmis:

Reglur um félagaskipti, eigendaskráningu, aldursflokkaskiptingu, flokkaskipti og skráningu í hinar mismunandi keppnisgreinar og fleira sem viðkemur skráningu knapa og hests.

Lögð verði áhersla á að hafa uppsetningu einfalda og t.d. efni raðað í stafrófsröð til hagræðingar.

Greinargerð:

Aðildarfélög LH kynntu með þessu á einfaldari máta helstu lög og reglugerðir varðandi skráningar á mót. Helsti ávinningur yrði færri vafa og kærumál og myndi auðvelda vinnu mótanefnda við skráningar, þar sem oft þarf að svara mörgum ólíkum spurningum í miklum flýti.

Kostnaður er óráðinn, en hugsanlega mætti lækka hann verulega með því að hafa þessar upplýsingar á heimasíðu LH, þar sem aðildarfélögunum gæfist kostur á að prenta þær út. Helsti kostur þess að LH standi að þessu er sá að til yrði samræmdur og einfaldur uppflettibæklingur um allt er varðar skráningu knapa og hesta á einum stað.

- Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8A

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli 7.3 um Keppnishesta, sýnendur og búnað

7.3.1 Keppnisréttur og skráning

Heimilt er að skrá hesta í eigu hestabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í

gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga LH, enda sé formaður búsins, eða einhver eigandi þess, félagsmaður í viðkomandi félagi. “Ef um fjöleignarfélag er að ræða skal við skráningu tilgreina hvaða eigandi er ábyrgur fyrir skráningunni.” Hestum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppni eins félags, þ.e. með sama hætti og gildir um hesta almennra félagsmanna.

Greinargerð:

Erfitt hefur reynst fyrir félög að sannreyna hvort hrossið er löglegt í því félagi sem það er skráð í keppni fyrir. Með því að leggja fram hluthafaskrá við skráningu og þann sem er ábyrgur fyrir skráningunni geta félögin sannreynt hvort einstaklingurinn sé skráður í félagið og sé fullgildur félagi.

- Samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Kynbótanefnd

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að beina til Fagráðs að þær hryssur sem hljóta skulu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti þurfi ekki að koma á mótið né afkvæmi þeirra. Heldur skuli eigendurnir einir mæta til verðlaunaafhendingar.

Greinargerð:

Þetta er gert til að samræmi sé í móttöku verðlauna. Þannig að það mæti ekki bara ein og ein hryssa eða eitt og eitt afkvæmi.

- Vísað frá -

Þingskjal nr. 10

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Kynbótanefnd

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að beina til Fagráðs að hafa ákveðinn fjölda af kynbótahrossum í hverjum flokki á Landsmóti en ekki einkunn. Taka þarf mið af fjölda kynbótahrossa í hverjum flokki síðustu mót til að ákveða tölu í hvern flokk. Þetta verður þó að gera með tilliti til fækkunar á kynbótahrossum frá síðasta móti. Síðan verður það eins og áður ákvörðun eigenda eða umráðamanna hvort hrossin koma á mót en þá koma næstu hross á listanum ekki inn.

- Fellt -

Þingskjal nr. 11

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að beina til Landsmóts ehf. að gera Landsmót hestamanna ekki að einni stærstu útihátíð landsins.

Greinargerð:

Kominn tími til að fara yfir það hvort nauðsynlegt sé að kaupa margar af stærstu hljómsveitum landsins til að spila á Landsmóti. Með þessu er verið að laða að fólk sem annars kæmi ekki á mótið og kemur eingöngu þangað til að skemmta sér. Er það stimpillinn sem við viljum fá á Landsmót að það sé orðið að útihátíð og að Fíkniefnalögreglan þurfi að vera á svæðinu?

- Vísað frá -

Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að beina til Landsmóts ehf. að endurskipuleggja dagskrá Landsmóts með það í huga að byrja ekki á yngri flokkum.

Greinargerð:

Til að gera mótið fjölskylduvænna er betra að byrja dagskránni á A- og B-flokki frekar en yngri flokkum. Þeir keppendur sem eru með hross í þessum tveimur flokkum eru flest allir komnir á mótið þar sem meiri hlutinn af þeim er líka með kynbótahross. Það er orðinn allt of mikill tími sem fer í það hjá barnafjölskyldum að fylgja einum keppenda á mótið til að taka þátt í einni grein. Þegar keppni í yngri flokkum byrjar á mánudegi þurfa keppendur helst að vera komnir á föstudegi eða í síðasta lagi á laugardegi ef þeir ætla að æfa sig á vellinum fyrir keppni.

Fellt –

Þingskjal nr. 13

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Reglugerð LH fyrir Íslandsmót, kafla 5

5.2. grein hljóði svo:

Á Íslandsmóti skal keppt í öllum greinum hestaíþróttanna. Halda skal Íslandsmót, mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þessa að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi, mótin teljast þó sitt hvort mótið. Keppendur sem hafa keppnisrétt á móti barna, unglinga og ungmenna hafa ekki keppnisrétt á Íslandsmóti fullorðinna. Heimilt er mótshöldurum að setja lágmarkseinkun í opnum flokki, þó ekki hærri en 5,5 og skal það auglýst minnst fjórum mánuðum fyrir mót. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Greinargerð:

Vaxandi óánægju hefur gætt meðal foreldra keppenda, barna, unglinga og ungmenna með

Það fyrirkomulag að ekki megi sami hestur keppa á móti yngri flokka og fullorðinna í sömu grein. Það er venjulegri fjölskyldu ofviða að halda úti tvöföldum hestakosti fyrir bæði ungling og foreldra og heftir þetta oft þátttöku á báðum mótum. Tímabært er að einfalda málið og aðskilja mótin formlega. Mótin enda oft haldin með allt að mánaðar millibili, með allt öðrum dómurum og á allt öðrum stað og því hálfgerð á skjön að kalla mótin “sama mót”.

- Fellt með megin þorra greiddra atkvæða gegn 23 -

Þingskjal nr. 14

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Reglugerð um Íslandsmót. Keppt skuli í einum flokki á Íslandsmóti.

VAR: Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í meistaraflokki og 1. flokki. Knapa á Íslandsmóti fullorðinna er einungis heimilt að keppa í einum styrkleikaflokki í hverri grein

Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaíþróttar sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í alþjóðlegum keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglinga og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi. Heimilt er mótshöldurum að setja lágmarkseinkunn í 1. flokki, þó ekki hærri en 5,5 og skal það auglýst minnst fjórum mánuðum fyrir mót. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

VERÐUR: Keppnisgreinar á Íslandsmóti

Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt í einum flokki. Keppt skal eftir reglum meistaraflokks.

Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaíþróttar sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglinga og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi. Heimilt er mótshöldurum að setja lágmarkseinkunn þó ekki hærri en

5,5 og skal það auglýst minnst fjórum mánuðum fyrir mót. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.

Greinargerð:

Þær raddir hafa orðið æ háværarar á meðal dómara og keppnisfólks að á Íslandsmóti skuli einungis keppt í einum flokki og aðeins krýndur einn Íslandsmeistari í hverri grein. Í framkvæmd yrði þetta þannig að allir geta skráð sig til keppni (nema auðvitað mótshaldarar ákveði að hafa einkunnamörk) og því engar hömlur á því að bera sig saman við þá bestu, t.d. með nýkeyptan hest.

Breyting þessi hefur í för með sér að fleiri fá tækifæri til að keppa einir inn á vellinum og þjálfar þannig þá list að skipta um gangtegund á miðri skammhlið og stilla gangtegundaröð eins hverjum og einum hentar. Það þykir einnig hálfgerð “gengisfelling” á Íslandsmeistaratitlum að krýna tvo Íslandsmeistara í hverri grein, einn í opnum flokki t.d. fjórgangs og annan í meistaraflokki. Til lengri tíma litið er það álit tillöguflytjenda að þetta hraði framförum í reiðmennsku og að heildargæði Íslandsmóts verði meiri auk þess sem þetta stuðli að auknum metnaði keppenda.

- Fellt, vísað aftur til keppnisnefndar til frekari skoðunar -

Þingskjal nr. 15

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lagt er til að aldursmörk í barnaflokki verði 10-13 ár, þ.e. að yngri börnum sé ekki heimilt að keppa í barnaflokki.

Grein: 7.7.1 um gæðingakeppni.

Og grein: 4.1 um keppnisgreinar í aldursflokkum íþróttakeppni.

Greinargerð:

Á einstaka mótum eru yngri börn að keppa og hefur oft á tíðum legið við slysum er börnin hleypa á stökk en valda því tæplega. Því er lagt til að flokkurinn verði lokaður neðan frá en þau yngri börn sem keppa vilja kepptu í pollaflokki í keppnisgreinum sérstaklega hönnuðum fyrir þennan aldursflokk. Sé ekki boðið upp á pollaflokk gilda

venjulegar reglur um að “pollar” megi keppa upp fyrir sig.

- Fellt -

Þingskjal nr. 16A

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Varðar: Aldursmörk í kappreiðum

Kaflí 4.

Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokka og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursflokks eru sem hér segir:

Börn (13 ára á keppnisárinu og yngri): T1 tölt, V1 fjórgangur, fími A og hindrunarstökk.

Unglingar (14 - 17 ára á keppnisárinu): T1 tölt, V1 fjórgangur, F1 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, fími A og hindrunarstökk.

Ungmenn (18 - 21 ára á keppnisárinu): T1 tölt, T2 tölt, V1 fjórgangur, F1 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P2 100m skeið, fími A2 og hindrunarstökk.

Opinn flokkur: T1 tölt, T2 tölt, V1 fjórgangur, F1 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P3 150 m, P1 250 m. skeið, P2 100 m skeið FS1 og hindrunarstökk.

Viðbót:

Þátttökuréttur í hlaupagreinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu skal miðast við að knapi verði að lágmarki 14 ára á árinu. Keppandi sem ekki hefur náð 16 ára aldri skal framvísa skriflegu leyfi foreldris/forráðamanns.

Greinargerð:

Greinar sem ræstar eru úr kyrrstöðu, bæði úr básum sem og af ráslínu fela í sér slyshættu svo keppnisnefnd þykir ástæða til að binda þessi mörk í reglur.

Um 100 metra skeið P2 gildir nú þegar sú regla að ef að keppt er í 100 m í ungmennaflokki er unglingum heimilt að taka þátt.

- Samþykkt samhljóða –

Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Lögbót er til eftirfarandi viðbót við lög um íþróttakeppni:

Tekinn verði upp pollaflokkur fyrir börn 9 ára á árinu og yngri með skilgreindum reglum. Mótshöldurum sé frjálst að bjóða upp á pollaflokk sem viðbót. Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandsmóti.

Pollatölt

Völlur 200 eða 250 metrar

Þáttökuréttur og skráning:

Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.

Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

Forkeppni

Verkefni:

2-4 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

1.Frjáls ferð á tölti

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spöldum 0 - 10 stig.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völinn, sem má vera 200 eða 250 m.

1.Frjáls töltferð, upp á báðar hendur.

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

- a)Hreinleika gangsins.
- b)Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- c)Ásetu og taumhalds.
- d)Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Pollaþrígangur

Þáttökuréttur og skráning:

Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.

Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

Völlur 200 eða 250 metrar

Forkeppni

Verkefni:

2-4 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 1 hringur og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

2.Tölt, hægt til milliferð

3.Brokk, hægt til milliferð

4.Fet

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 0 - 10 stig.

Tekið skal tillit til stjórnunar og ásetu knapa.

Hæsta og lægsta einkunn strikuð út, ef 5 dómarar dæma. Meðaleinkunn reiknuð.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta sæti eftir forkeppnina, koma saman á völinn, sem má vera 200 eða 250 m, upp á vinstri hönd nema samkomulag sé um annað.

2.Tölt, hægt til milliferð

3.Brokk, hægt til milliferð

4.Fet

Dómarar ákveða hve lengi riðið er. Þó má ekki fara fleiri en þrjá hringi á hverri gangtegund

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Hæsta og lægsta einkunn er strikuð út, eins og í forkeppni, dæmi 5 dómarar.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

- e)Hreinleika gangsins.
- f)Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.
- g)Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.

h)Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Pollagæðingakeppni

Þáttökuréttur og skráning:

Þáttökurétt hafa öll börn 9 ára á árinu og yngri.

Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku.

Ekki skal keppt í pollaflokki á Landsmóti.

Pollum er ekki heimilt að keppa á stóðhestum.

Völlur 300 metrar

Forkeppni

Verkefni:

2-5 keppendur inni á vellinum í einu. Gefið skal upp við skráningu hvort riðið sé upp á hægri eða vinstri hönd. Þulur stjórnar keppni. Riðið skal að lágmarki 2 hringir og að hámarki 3 hringir í hverju verkefni.

5.Tölt eða brokk, hægt til milliferð

6.Fet

Dómar.

3 - 5 dómarar dæma með spjöldum 5 - 10.

Gefin skal einkunn fyrir stjórnun og ásetu sem gildir 1/2 af heildareinkunn, þ.e. deilitala dómara er 4.

Meðaleinkunn reiknuð.

Úrslit

Verkefni:

Þeir keppendur, sem eru í fyrsta til fimmta/áttunda sæti eftir forkeppnina, koma saman á völinn, sem er 300 m

5.Tölt eða brokk, hægt að milliferð

6.Fet

Tölt eða brokk allt að tveimur hringjum til hvorrar handar. Þó má ekki meira en þrjá hringi á hvora hönd.

Dómar.

Í úrslitakeppni gefa dómarar einkunnir fyrir hvert atriði. Að auki er gefin sérstök einkunn fyrir ásetu og stjórnun og deilt í samtölu með 4. Að lokum skal rétt upp einkunn fyrir hvern knapa.

Almennar ábendingar

Sérstakt tillit er tekið í dómum til eftirfarandi atriða:

i)Hreinleika gangsins.

j)Léttleika, jafnvægis, fallegrar reisingar og fjaðrandi hreyfinga.

k)Ásetu og taumhalds, hversu virkur knapinn er.

l)Tekið skal á grófri reiðmennsku í dómi.

Greinargerð:

Nokkur undanfarin ár hafa mörg félög boðið upp á keppni í pollaflokki. Keppni í þessum flokki hefur notið gífurlegra vinsælda og það sýnir sig að þetta treystir undirstöðu

hestamennskunnar, eykur áhuga yngstu kynslóðarinnar og eykur þannig útbreiðslu hestaíþróttarinnar. Ekki er mikil sanngirni í því að láta 7 ára barn keppa eftir sömu reglum og 13 ára barn.

Nokkuð hefur háð þessum flokki að ekki hafa verið til samræmdar reglur í þessum flokki og finnst tillöguflytjendum tímabært að koma þessum greinum á koppinn fyrir yngstu keppendurna.

Tekið skal fram að hérna er um heimild að ræða fyrir mótshaldara að bjóða upp á þessar greinar, ekki skyldu.

Sökum slysa hættu þykir ekki rétt að leyfa þetta ungum börnum að keppa á stóðhestum.

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 18A

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Grein 2.7.2. (sýnd hér til útskýringar)

Yfirdómara, í samráði við dómaranefnd LH, úr hópi dómara, sem dómaranefndin hefur valið. Hann hefur umsjón með störfum dómara, en hefur ekki vald til að breyta niðurstöðu þeirra.

2.8.9.2. Dómarar

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómararéttindin, allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum.

Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til mótshaldara og dómaranefndar LH.

8.3.3

Grein um hlutverk yfirdómara og dómara:

Yfirdómari skal fylgjast með dómstörfum. Gæti ítrekaðra frávika er yfirdómara skylt að fara fram á skýringar frá viðkomandi dómara/dómurum. Í lok hvers dags skal haldinn fundur dómara þar sem farið er yfir keppni og dóma hvers dags. Farið skal yfir úrslit hvernar greinar og séu frávik einstakra dómara mikil frá endanlegum úrslitum, skal hann skýra sitt mál. Telji yfirdómari skýringar ófullnægjandi sem og í grófum tilvikum er honum heimilt að víkja dómara frá störfum og kalla til varadómara.

Grein 8.3. Sjá nánar í grein 2.8.9.2. um hlutverk yfirdómara.

Greinargerð:

Á þessu keppnisári hafa ítrekað komið upp tilfelli sem sætt hafa mikilli gagnrýni

keppenda, dómara, fjölmiðla og forystu hestamanna. Rétt þykir að skerpa á línun og festa í reglugerðir nánar verklag dómara og auka heimildir yfirdómara til að grípa í taumana fari eitthvað úrskeiðis að hans mati. Er það von keppnisnefndar að þetta verklag um dómarafundi í lok hvers dags, sem tíðkast m.a. á heimsmeistaramótum, verði til þess að fækka “dómslysum” og að dómurum verði ábyrgð sín enn ljósari. Í reglunum eru margskonar viðurlög við brotum keppenda en fram að þessu einkar fá viðurlög brjóti dómarar af sér í starfi.

Á árinu eru einnig dæmi um afboðanir dómara með ósmekklega stuttum fyrirvara af ástæðum sem varla geta talist “gildar”. Því þykir sjálfsagt, mótshöldurum og dómurum til leiðbeiningar að setja tímaramma sem skuli haldinn og dómarar sjái þannig sóma sinn í að mæta á boðuðum tíma.

- Samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 19

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytinga:

Varðandi sérstaka forkeppni í barnaflokki. Við bætist í grein 7.8.1.3. sjá feitletrað í textanum hér að neðan:

7.8.1.3. Barnaflokkur:

Þrír til fimm hestar inni á hringvellinginum í einu, riðið upp á vinstri hönd.

Tveir hringir brokk og/eða tölt.

Tvær langhliðar stökk, betri langhlið gildir til einkunnar

Stjórnun og áseta x 2.

Deilitala fyrir dómara er 4.

Greinargerð:

Í núverandi “sérstakri forkeppni” fara börnin einungis einn stökksprett. Reyndin varð sú á síðasta Landsmóti að ákaflega mörg börn reyndust fara á kýrstökki þennan eina stökksprett. Þar sem um börn er að ræða þykir réttlætismál að lofa þeim að fara tvo spretti og eiga þannig möguleika á að rétta sinn hlut.

- Samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Æskulýðsnefnd LH

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar.

Kaflí 7.7. um Reglugerð LH um barna-, unglinga- og ungmennakeppni.

7.7.2. Keppnishestur í yngri flokkum.

Keppanda í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hver keppandi má aðeins keppa á einum hesti.

“Keppendur í barnaflokki mega ekki keppa á stóðhestum”

Sá hestur, sem keppandi í barna- unglinga- eða ungmennaflokki mætir með í keppni verður að vera í eigu aðalfélaga sama félags og keppandinn er í.

Forfallist skráður hestur keppanda á lands-, fjórðungs- eða stórmóti, kemur varakeppandi og hestur hans í stað þess forfallaða.

Greinargerð:

Vegna aukinna krafna um árangur í keppni er orðið æ algengara að keppendur í yngri flokkum keppi á stóðhestum. Börn 13 ára og yngri hafa ekki þá líkamlegu burði til að ráða við þær aðstæður sem geta skapast inná vellinum ef stóðhestur ákveður að taka völdin, t.d ef hryssa í hestalátum er nærri.

- Fellt -

Þingskjal nr. 21

Flytjandi: Æskulýðsnefnd LH

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir eftirfarandi ályktun.

Landsþing samþykkir að beina þeim tilmælum til gæðinga- og íþróttadómara að virða

þær reglur sem getið er um í FIPO varðandi samskipti við keppendur þegar komið er inn á keppnisvöllinn og að þeir beiti þeim viðurlögum sem þeir hafa umboð til við ítrekuð brot.

Greinargerð:

Það er mjög niðurlægjandi fyrir keppanda að láta kalla til sín eða fá aðrar leiðbeiningar frá aðstandendum og þjálfurum þegar viðkomandi er í keppni. Þetta er oft mjög áberandi í yngri flokkum, barna- og unglunga, og getur einnig haft truflandi áhrif á aðra keppendur. Ætla má að keppandinn sé á keppnisbrautinni á sínum eigin forsendum og ber áhorfendum að sýna honum þá virðingu að hann fái óáreittur að stjórna sýningu sinni án ábendinga eða athugasemda.

- Vísað frá -

Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fela stjórn LH að leita allra leiða til tryggja réttarstöðu ríðandi umferðar á merktum reiðvegum, reiðstígum og reiðslóðum, hjá þar til bærum yfirvöldum.

Greinargerð:

Ekki er að finna nokkurs staðar ákvæði þess efnis í Umferðarlögum né Vegalögum eða reglugerðum þeim tengdum að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á reiðvegum, reiðstígum eða reiðslóðum.

Þetta gat eða galli á ofangreindum lögum hefur í för með sér að réttarstaða ríðandi umferðar á reiðvegum er engin gagnvart akstri vélknúinna ökutækja á reiðvegum, svo framarlega að ökutækin séu löglega skráð.

Í Umferðarlögum segir m.a.:

3. gr. 1.mgr. Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn (og þá sem teyma eða reka búfé).

5. gr.a. 1.mgr. Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

2.mgr. Ákvæði 1.mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvamilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar ámóta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

13. gr. Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt eða gangstíg.

26. gr. 1.mgr. Ökumaður sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

2. mgr. Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða aka út á akbraut frá

lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer framhjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

41. gr. 1. mgr. Bifhjóli má eigi aka á gangstétt eða gangstíg, nema sem um ræðir í 2. mgr. 26. gr. En í henni segir: Ökumaður, sem ætlar að aka yfir gangstétt eða gangstíg eða aka út á akbraut frá lóð eða svæði við veginn, skal bíða meðan gangandi vegfarandi fer framhjá. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Til að tryggja réttarstöðu reiðmanna (ríðandi umferðar) á reiðvegum, þyrfti að breyta 13. gr og 41. gr. Umferðarlaga á þann veg að þær hljóði svo:

13.gr. Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka eftir gangstétt, gangstíg, reiðvegi eða reiðstíg, nema sem um ræðir í 2.mgr. 5gr.a.

41.gr. 1.mgr. Bifhjóli má eigi aka á gangstétt, gangstíg, reiðvegi eða reiðstíg, nema sem um ræðir í 2.mgr. 26.gr.

Í 26. gr. Umferðarlaga þarf að bæta orðunum reiðmenn, reiðvegi og reiðstíg eftir því sem við á, einkum þó í 1. og 2. mgr.

- samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 23

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 fagnar uppsetningu rúmlega 600 reiðleiða á vefnum www.jonas.is/reidleidir og hvetur hestaferðamenn til að senda höfundu viðbætur, athugasemdir og leiðréttingar. Einnig hvetur landsþingið hestaferðamenn, er eiga GPS punkta, til að senda ferlana í safnið, sem er öllum opið endurgjaldslaut. Allir geta tekið upp úr því punkta og ferla sér til leiðbeiningar í hestaferðum.

Athugasemdir:

Á forsiðu ofangreinds reiðleiðasafns eru varnaðarorð, sem rétt er að taka undir.

GPS punkta má ekki nota í blindni, þeir eru aðeins til leiðbeiningar. Það gildir bæði um leiðarpunkta og ferilpunkta.

Flestar LEIÐIR í þessu safni eru teknar af kortum, sumum mjög gömlum.

Þær eru ekki sannreyndar. Þær geta verið ófærar. Ef til vill hafa sumar alltaf verið of brattar fyrir hesta. Sumum hefur verið spilt með girðingum, skurðum eða af tímans tönn,

t.d. týnst í mírum.

Flestir FERLAR í þessu safni eru mældir í ferðum mínum eða annarra.

Þá má ekki taka bókstaflega, vöð breytast, girðingar og skurðir koma og jafnvel fara. Í öllum tilvikum þurfa ferðamenn að meta aðstæður á staðnum, ekki treysta punktum.

- samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 24

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

Í ljósi hörmulegra slysa á hestamönnum í sumar vilja samtök hestamanna ítreka, að ein stærsta ógnun við öryggi hestamanna er umferð vélknúinna ökutækja. Því ályktar 55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 að fela stjórn LH að beina því til sveitastjórna landsins að forðast sé að skipuleggja aðstöðu fyrir akstursíþróttir og hestamennsku í nábýli við hvort annað.

- samþykkt -

Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 samþykkir að fela stjórn LH að leita leiða til að ráða starfsmann til tímabundinna verkefna. Starfsmaðurinn skal vera reiðveganefndum landssvæða til aðstoðar við áætlanagerð, skráningar og hnitsetningar reiðleiða.

Greinargerð:

Ráðist hefur verið í metnaðarfullar áætlanir um skráningar og hnitsetningar reiðleiða um land allt, og samningar þar um verið gerðir við Vegagerðina og Landmælingar Íslands. Til að þessar áætlanir geti gengið eftir er ljóst að launaður starfsmaður þarf að koma að verkefninu a.m.k. tímabundið. Þá er litið til starfsmanns í hálf starf til eins árs eða fullt starf í hálf ár.

Starfssvið er m.a:

Gerð skráningarforms í Exel töflureikni til áætlunargerðar fyrir úthlutun, og til eftirlits með ráðstöfun, reiðvegafjár sem úthlutað er af Vegagerðinni og LH.

Skráning reiðleiða, þ.e. reiðvegaskrá, langtímaáætlun í reiðvegagerð og 4. ára áætlanir í reiðvegagerð.

Leggja línur fyrir reiðveganefndir landssvæða og aðstoða eftir þörfum við skráningu reiðvega, áætlanagerð og skýrsluskil við þegar unnar reiðvegaframkvæmdir.
Vinna með Vegagerðinni að númerakerfi reiðvega.
Aðstoða hestamannafélögin við skipulagsmál gagnvart viðkomandi skipulagsyfirvöldum.
Fylgja eftir áætlunum um hnitsetningar reiðleiða.

samþykkt –

Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Mannvirkjanefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 fagnar því framtaki sem felst í úthlutun styrkja til byggingar reiðhúsa vítt og breytt um landið. Bygging reiðhúsa mun hafa gríðarleg áhrif við framgang hestamennskunnar í landinu en ástæða er til þess að beina því til hestamannafélaga að vanda vel til undirbúnings áður en til framkvæmda kemur. Óskað er eftir því að mannvirkjanefnd LH gefi út leiðbeiningar um þau atriði sem skipta máli við ákvörðun um stærðir og gerð þessara húsa. Má þar nefna löglega keppnisvelli, brunakröfur, mun á vinnuhúsum og samkomuhúsum, loftræsingu, upphitun o.s.frv.

- samþykkt samhljóða -

Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Mannvirkjanefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 bendir á það að hestamennska er lífsstíll og í nútíma samfélagi leita fleiri og fleiri afþreyingar og útiveru með hestinum. Beinir þingið því til skipulagsyfirvalda að gert sé ráð fyrir hesthúsahverfum, reiðleiðum og öðru sem þarf til að stunda þessa íþrótt í skipulagi sveitafélaga. Með því móti verði tryggt að hesthúsahverfi verði hluti af byggðinni og aðgengileg fyrir börn og unglinga sem eru sífellt stækkandi hópur í hestamenskunni.

- samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 28

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Fjárhagsnefnd þingsins

Fjárhagsáætlun árið 2007

Tekjur :

1. Árgjöld félaga,

kr.

9.436.598

2. Tekjur af mótum

kr.

12.501.368

3. Framlög og styrkir.....

kr.

15.431.329

4. Aðrar tekjur.....

kr.

1.210.307

Samtals :

kr.

38.579.602

Gjöld :

5. Kostnaður vegna móta

kr.

11.416.626

6. Laun og launatengd gjöld.....

kr.

10.204.433

7. Annar kostnaður

kr.

11.298.343

8. Afskriftir

kr.

290.000

Samtals :

kr.

33.209.402

Hagnaður(tap) án fjármagnsliði

5.370.200

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Fjárhagsnefnd þingsins

Fjárhagsáætlun árið 2008

Tekjur :

1. Árgjöld félaga,

kr.

10.467.105

2. Tekjur af mótum

kr.

4.922.690

3. Framlög og styrkir.....

kr.

10.824.108

4. Aðrar tekjur.....
kr.
896.442

Samtals :
kr.
27.110.345

Gjöld

5. Kostnaður vegna móta
kr.
4.581.995

6. Laun og launatengd gjöld.....
kr.
11.224.876

7. Annar kostnaður
kr.
10.222.314

8. Afskriftir
kr.
270.000

Samtals :
kr.
26.299.185

Hagnaður(tap) án fjármagnsliði
811.160

- Samþykkt -

Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Skipulagsnefnd þingsins

Ályktun:

55. landsþings Landsambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. október 2006 fagnar þeim tillögum um nýtt skipurit fyrir samtökin sem má finna á bls. 15 í skýrslu stjórnar fyrir 2004 - 2006. Þingið beinir því til nýrrar stjórnar að vinna hefjist eftir nýju skipuriti, með lög LH að leiðarljósi, eins fljótt og verða má, þannig að starfsemi LH spanni öll svið hestamennskunnar. Einnig hvetur þingið stjórn til þess að leita leiða til að tryggja tekjur samtakanna svo ráða megi framkvæmdastjóra til LH í samstarfi við LM ehf.

Greinargerð:

Sameiginlegur framkvæmdastjóri fyrir LH og LM ehf. verður að afla tekna fyrir launakostnaði. Hann gæti, auk reksturs landsmóts og landliðs í hestaíþróttum, komið á samstarfi við hestamannafélögin í landinu um skipulagða mótaröð í hestaíþróttum og sameiginlega auglýsingasamninga í þeim tilgangi að auka tekjur. Umræða um að LH hafi verið að veikjast á ýmsum sviðum síðustu ár hefur mátt greina síðustu misseri. Þær tillögur sem fram koma um nýtt skipurit eru til þess fallnar að starfsemi LH eflist og forysta samtakanna verði tryggð innan hestamennskunnar í landinu. Ný sviðsskipting, þar sem einum stjórnarmanni yrði falið að annast yfirumsjón og þar með ábyrgð með hverju sviði, er til þess fallin að auka skilvirkni samtakanna.

- samþykkt -